

MINNISBLAÐ

11. desember 2001

Til: Samgöngunefndar Alþingis

Frá: Flugmálastjóra

Efni: Umsögn Flugskóla Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um loftferðir.

Í tilefni af umfjöllun á fundi samgöngunefndar mánudaginn 10. des. sl. um umsögn Flugskóla Íslands vegna frumvarps um breytingar á lögum um loftferðir vill undirritaður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina.

Umsögn Flugskóla Íslands virðist fyrst og fremst hafa að markmiði að ráðast að starfsmönnum flugöryggissviðs Flugmálastjórnar og saka þá um vanþekkingu, reynsluleysi, skort á menntun og misbeitingu valds.

Í fyrsta lagi hlýtur að teljast fullkomlega óviðeigandi að nota þennan vettvang til slíkra árása á starfsmenn Flugmálastjórnar. Ekki verður heldur séð hvaða tilgangi þeim er ætlað að þjóna, þar sem í reynd er ekki verið að gera neinar tillögur um breytingar á greinum lagafrumvarpsins. Því virðist fyrst og fremst vera um að ræða að viðkomandi forsvarsmenn Flugskóla Íslands hafi kosið að nota þetta tækifæri til að hella úr skálum reiði sinnar væntanlega vegna þess, að þeir hafi ekki fengið þá afgreiðslu sinna mála, sem þeir telja sig eiga skilið. Slíkt er gefið í skyn í umsögninni án þess þó að nokkur tilvik séu tilgreind eða rök borin fram til stuðnings þeim fullyrðingum, sem þar er að finna.

Ekki fer á milli mála, að flugöryggissvið Flugmálastjórnar hefur ekki verið sáttt við framgang mála hjá flugskólanum. Reyndar hefur úttektarnefnd Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) gert alvarlegar athugasemdir við margt í rekstri skólans svo hér er ekki eingöngu um að ræða mat starfsmanna flugöryggissviðs. Flugöryggissvið hefur því talið sig tilknúið að setja þessi atriði fram við flugskólann með formlegum hætti, sem virðist hafa farið mjög fyrir brjóstið á þeim sem umsögnina rita.

Hér verður vikið nokkrum orðum að helstu staðhæfingum í umsögn forsvarsmanna flugskólans.

1. Talað er um að verið sé að gefa Flugmálastjórn “stóran, mikinn og frjálstan refsivönd”, sem stofnunin geti sveiflað að geðþótta hvenær sem henni sýnist. Augljóslega skilja þessir aðilar ekki ferlið, sem þeir eru að fjalla um. Þeir virðast ekki átta sig á, að ákvarðanir Flugmálastjórnar eru ekki endanlegar og aðeins ætlað að tryggja flugöryggi en ekki refsa aðilum. Eftir að hafa farið ítarlega yfir flest þau mál sem komið hafa upp á þessu sviði undanfarin áratug get ég fullyrt að enginn aðili er sviptur réttindum án þess að farið sé vandlega

yfir öll málsatriði. Slíkar sviptingar heyra reyndar til undantekninga, enda er slíkum málum undantekningarlítið skotið til dómstóla. Í umsögn flugskólans er talað um einhver dæmi, en ekkert tilgreint, sem hægt er að festa hendur á.

2. Nefnt er, að “ákveðnir yfirmenn hjá Flugmálastjórn vilji, í krafti embættis síns, fjarstýra því hverjir komi til starfa sem yfirmenn skólans”. Þessi fullyrðing er svo fráleit að hún er vart svara verð. Halda mætti, að viðkomandi yfirmenn væru að reyna að koma einhverjum einstaklingum til starfa hjá skólanum. Hið rétta er, að Flugmálastjórn hefur engan áhuga á því að hafa áhrif á ákvarðanir skólans að öðru leyti en því að þeir einstaklingar, sem bera ábyrgð á starfi skólans, uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru til slíkra starfsmanna samkvæmt gildandi reglugerðum. Flugskólinn hefur því miður átt í miklum erfiðleikum á þessu sviði.
3. Mikið er gert úr því í umsögninni, að Flugmálastjórn sé ekki búin að koma sér upp gæðakerfi fyrir eigin rekstur og geti því ekki krafist þess að flugrekstraraðilar séu með slík kerfi. Staðreyndin er sú, að flugrekendum, þ.m.t. flugskólum, ber að koma sér upp viðurkenndum kerfum um starfsemi sína til að uppfylla ákvæði reglugerða. Engar slíkar reglugerðir eru um starfsemi flugöryggissviðs Flugmálastjórnar og undirrituðum er ekki kunnugt um að slíkar reglur gildi um erlendar flugmálastjórnir. Flugmálastjórn hefur af eigin frumkvæði sett sér að nýta gæðastjórnun, einkum á starfssviði flugöryggissviðs. Þessi vinna er vel á veg komin og sérstaklega hefur skírteinadeild flugöryggissviðs tileinkað sér þessar aðferðir og komið upp slíku kerfi. Ef ekki er farið að reglugerðum Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) varðandi menntun og þjálfun flugmanna þá er gagnkvæm viðurkenning á íslenskum JAA flugmannsskírteinum í hættu.
4. Umsögn flugskólamanna um störf Péturs K. Maack, framkvæmdastjóra flugöryggissviðs, við að koma á gæðastjórnun í starfsemi flugöryggissviðs hlýtur að flokkast undir róg. Þeir sem til þekkja vita, að Pétur hefur unnið að því af miklum dugnaði að auka og bæta alla starfsemi flugöryggissviðs og hefur m.a. náð miklum árangri í að innleiða gæðastjórnun. Hann hefur hins vegar þurft að sinna fjölmörgum öðrum verkefnum fyrir flugöryggissviðið auk þróunar gæðastjórnunarkerfis. Vinna hans á þessu sviði varð til þess, að hann var á síðastliðnu ári fenginn til að stýra gæðastjórnunarátaki fyrir starfseminu í höfuðstöðvum JAA. Í umsögn forsvarsmanna flugskólans er Pétur reyndar ekki tilgreindur með nafni heldur nefndur “prófessorinn”. Ljóst er, að hér er greinilega verið að gera tortryggilegt, að hann skuli gegna stöðu prófessors við verkfræðideild Háskóla Íslands jafnframt því að vera framkvæmdastjóri flugöryggissviðs, en sérstakur samningur er í gildi um þetta fyrirkomulag milli Flugmálastjórnar og Háskóla Íslands. Mörg fordæmi eru um slíkt og má m.a. benda á að flestir prófessorar við læknadeild HÍ starfa á Landsspítalanum. Þá má geta þess, að flugmálastjóri Hollands er jafnframt prófessor í stjórnfræðum við háskóla þar í landi. Í flestum löndum er slíkt talið stofnunum til framdráttar og einstaklingunum til tekna fremur en hjóðs.

5. Athugasemd skólans um að úttektir skuli alltaf boðaðar með fyrirvara verður að teljast furðuleg. Skyndiskoðanir eins og t.d. voru framkvæmdar um síðustu verslunarmannahelgi eru eðlilegur hluti eftirlits og er vel tekið af flestum. Í skyndiskoðun á sex af kennsluflugvélum Flugskóla Íslands sumarið 2000 voru gerðar allnokkrar athugasemdir sem vörðuðu lofthæfi flugvéllanna. Í annarri skyndiskoðun í júní í ár kom fram á hleðsluskrá kennsluflugvéla að þær voru yfir leyfilegum flugtaks massa.

Í niðurlagi umsagnar flugskólanna er lýst þeirri skoðun, sem jafnframt er eignuð mörgum ef ekki flestum flugrekstraraðilum hér á landi, að hjá Flugmálastjórn sé “skortur á starfsfólki, sem hefur nauðsynlega menntun, reynslu og þekkingu til að geta starfað sem eftirlitsmaður Flugmálastjórnar með flugrekstri og/eða skírteinismálum flugmanna og kvenna.” Tilgreint er að ekki starfi einn einasti aðili hjá skírteinadeild með fullnaðar flugmannsmenntun eða staðgóða reynslu úr flugrekstri. Fyrir í umsagnarbréfinu er talað um að þessir aðilar þurfi að hafa “tilhlýðilega þekkingu, menntun og reynslu úr flugheiminum” þótt erfitt sé að átta sig á hvað við er átt.

Þessar fullyrðingar eru sérstaklega athyglisverðar vegna þess að undanfarið ár hefur flugöryggisvið í fyrsta sinn haft í sinni þjónustu í fullu starfi flugstjóra, sem gegnt hefur starfi deildarstjóra flugrekstrarsviðs. Þá starfa nú þrjú fyrrverandi flugstjórar með áratuga reynslu í flugi að baki í flugrekstrardeild. Jafnframt hefur skírteinadeild haft í sinni þjónustu starfandi flugmenn og flugstjóra í hlutastörfum um árabíl og hefur í dag 7 prófdómara með full réttindi og einn fyrrverandi flugstjóra. Auk þess hefur deildin ætíð aðgang að starfsmönnum annarra deilda flugöryggisviðs. Þá hefur deildarstjóri skírteinadeildar starfað á þessu sviði í 25 ár og hlýtur því að teljast hafa nokkra “þekkingu, menntun og reynslu úr flugheiminum”. Starfsmönnum flugöryggisviðs hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum og eru í þeim hópi menn með mikla reynslu við ýmis störf í flugi auk þess sem einstaklingar með háskólamenntun hafa verið ráðnir til starfa. Öllum fullyrðingum um að starfsmenn flugöryggisviðs skorti þekkingu, menntun og reynslu í flugi er því vísað á bug.

Fráleitt er, að forsvarsmenn Flugskóla Íslands skuli í umsögn sinni vitna til þeirrar umræðu sem varð í kjölfar flugslyssins í Skerjafirði fyrir rúmu ári, máli sínu til stuðnings. Hin óvægna gagnrýni sem fram kom á Flugmálastjórn í þeirri umræðu var að stofnunin hefði vanrækt eftirlitslutverk sitt og ekki veitt aðilum, sem starfa að flugi nægilegt aðhald. Var því haldið fram, að stofnunin hafi verið of eftirgefanleg við skráningu loftfara, viðurkennt óhæfa aðila til trúnaðarstarfa og ekki stöðvað flugrekstur, þegar flugrekendur hefðu orðið uppvísir að vanrækslu. Sú lýsing, sem gefin er í umsagnarbréfi forsvarsmanna flugskólans verður ekki skilin á annan hátt en þann, að Flugmálastjórn standi að einhvers konar ofsóknum á hendur skólanum og aðstandendum hans. Þessi sjónarmið sýna glögg þá erfiðleika, sem stofnunin á við að etja, þegar verið er að veita flugöryggi á móti hagsmunum flugrekenda. Ekki verður annað séð en að fullkomin mótsögn sé milli þeirra tveggja sjónarmiða, sem lýst er hér að ofan. Annars vegar er ýjað að því að Flugmálastjórn sinni ekki eftirlits lutverki sínu og hins vegar er verið að kveinka sér undan því eftirliti sem stofnuninni ber að sinna og þeim björgum sem hún hefur.

Margt fleira mætti segja um þann málflutning, sem fram kemur í umsögn forsvarsmanna Flugskóla Íslands, en hér verður látið staðar numið. Undirritaður er að sjálfsgöðu reiðubúinn til að koma á fund samgöngunefndar eða veita frekari skriflegar skýringar á þeim málum, sem fjallað er um í minnisblaði þessu. Jafnframt verður komið á framfæri við nefndina viðbrögðum við umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna þegar sú umsögn hefur borist í hendur Flugmálastjórnar.

Þorgeir Pálsson (sign.)
flugmálastjóri